

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 17. ágúst 2021

Stuðningsyfirlýsing við Kvikmyndaskóla Íslands

LÍS bjóða Kvikmyndaskóla Íslands, hér eftir KVÍ, stuðning í þeirra baráttu að fá menntun skólans viðurkennda til diplómunnáms á háskólastigi. Þessi yfirlýsing kemur í kjölfar [þessarar fréttar](#) um hvernig kvikmyndanám mun vera undir hatti Listaháskóla Íslands. KVÍ býður nú þegar upp á fjölbreytt nám í þessu fagi og þess vegna þykt það athugasvert að innleiða svipað nám í öðrum skóla. Barátta KVÍ hefur varið lengi og margar eru aðgerðirnar sem hafa verið teknar með því markmiði að menntun skólans verði metin sem diplómugráða á háskólastigi.

Undanfarin ár hefur KVÍ búið sig undir að geta boðið upp á nám á háskólastigi. Nemendur hafa verið upplýstir um þessi áform og hafa komið að þeirri vinnu m.a. með gæðaráði skólans. Ráðuneytið hefur staðfest að vottunin sé í ferli, en því miður virðist ferlið teygjast stöðugt og ekkert er enn í hendi.

KVÍ hefur haft samband við Gæðaráð íslenskra háskóla. KVÍ ráðleggur að einstaklingar þaðan séu hæfir til þess að koma og taka út skólann þar sem þau eru hlutlaus í ákvörðunartöku um nýtt háskólanám.

Engar skýrar ástæður liggja fyrir því hvers vegna skólinn hefur ekki fengið nefnd til þess að taka út skólann eða hvers vegna þessi umsókn hefur teygst á langinn eða verið viljandi yfirséð.

Nám í kvikmyndagerð á tækifæri til þess að eiga stóran grunn á Íslandi, mikilvægt er að horfa á reynslu á rekstri á slíkum skóla, gæði námsins og afrakstur nemenda.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta,

Derek Terrell Allen